	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1/11 2016
Málsnr:	1609257
Bréfal:	512



Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 27. október 2016

Tilvísun: 201610021 / 3.5

Efni: Lýsing tillögu að breyttu deiliskipulagi Undirhlíðar, efnistaka og frágangur; fjölgun háspennulína, Suðvesturlínur og breytt vatnsvernd. Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 7. október 2016, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætлана. Lýsingin, sem samþykkt í bæjarstjórn þann 28. september 2016, er fyrir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Undirhlíðar, efnistaka og frágangur.

Samkvæmt lýsingunni, sem dagsett er 15. september 2016, felast meginbreytingar tillögunnar í afmörkun vatnsverndar og að fjölga háspennulínum úr einni í þrjár ásamt færslu á helgunarmörkum. Í lýsingunni er tekið fram að fyrirhugaðar framkvæmdir falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum sbr. lið 3.08, A-flokk; Loftlínur til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærrí og framkvæmdirnar því háðar mati á umhverfisáhrifum.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, frá 17. september 2009.

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, staðfest 10. júlí 2014, er gert ráð fyrir þremur háspennulínum innan deiliskipulagssvæðisins og grannasvæði vatnsverndar VG1, nær yfir allt svæðið, en Hafnarfjarðarbær er um þessar mundir að vinna að breytingartillögu fyrir aðalskipulagið vegna vatnsverndarmarka.

Umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu breytingartillögu aðalskipulagsins liggur fyrir, sbr. bréf frá 26. september s.l.

Í lýsingu deiliskipulagstillögunnar er vísað til samræmis við gildandi aðalskipulag og samþykktar nr. 555 frá 19. júní 2015 um verndarsvæði vatnsbólá.


Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi:

- Við umhverfismatið má hafa til hliðsjónar umhverfismat Skipulagsstofnunar frá 2009, hvort í álitinu séu skilyrði sem eiga við um deiliskipulagssvæðið og taka þurfi upp. Einnig má hafa til hliðsjónar umsögn Skipulagsstofnunar frá 26. september s.l.
- Auk þess að vísa í gildandi aðalskipulag 2013-2025, þarf að vísa í breytingartillögu aðalskipulagsins varðandi breytingu á vatnsverndarmörkum, og að vísað sé til samræmis við stefnu um vatnsverndarsvæði í svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“ sem staðfest var 29. júní 2015, auk þess að vísa til samþykktar nr. 555.
- Nýta má og styðjast við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar 2011-2013, en það getur verið villandi að vísa til þess með jafn beinum hætti og gert er í lýsingunni þar sem það er ekki lengur í gildi og í komandi gögnum verður vísað til þeirrar aðalskipulagsbreytingar sem nú er í ferli, varðandi vatnsverndarmörkin.

- Athuga þarf að vísa eingöngu til gildandi deiliskipulags, sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. nóvember 2006 og tók gildi 16. mars 2007 sbr. auglýsingu nr. 209/2007 (þar sem annað á ekki við sbr. upplýsingar frá Hafnarfjarðabæ 27. október s.l.).
- Á deiliskipulagsupprátt þarf að merkja fyrirhugaða staðsetningu mastra til samræmis við tákn í gildandi deiliskipulagi.

Nauðsynlegt er að umfjöllun um ofangreind atriði liggja fyrir þegar deiliskipulagstillagan og umhverfismat hennar verða kynnt. Unnt er að auglýsa deiliskipulagstillöguna og umhverfismat hennar samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi vegna vatnsverndarmarka, eða síðar.

Auk þeirra aðila sem nefndir eru í lýsingunni mælir Skipulagsstofnun með að breytingartillagan verði send stjórn Reykjanesfólkvangs til umsagnar.



Inga Björk Dagfinnsdóttir